

152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal 193 — 152. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu
EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn (endurbótalýsing verðbréfa).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 384/2021, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/337 frá 16. febrúar 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 að því er varðar ESB-endurbótalýsingu og markvissar aðlaganir fyrir fjármálamilliliði og tilskipun 2004/109/EB að því er varðar notkun á sameiginlega rafræna skýrslusniðinu fyrir árleg reikningsskil, til að stuðla að endurbótum í kjölfar COVID-19-hættuástandsins.

Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Nefndin leggur til breytingu þannig að númer ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar komi fram í tillögugrein og fyrirsögn málsins. Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

- a. Á eftir orðunum „ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar“ í 1. másl. tillögugreinar komi: nr. 384/2021.
- b. Fyrirsögnin orðist svo: **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 384/2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (endurbótalýsing verðbréfa).**

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álit þetta í samræmi við 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Gísli Rafn Ólafsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykktur álitum þessu.

Alþingi, 14. desember 2021.

Bjarni Jónsson,
form.

Njáll Trausti Friðbertsson,
frsm.

Birgir Þórarinnsson.

Diljá Mist Einarsdóttir.

Logi Einarsson.

Jakob Frímann Magnússon.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.